Ráðgjafar- og greiningarstöð

ÞRÓUNARMIÐSTÖÐ ÍSLENSKRAR HEILSUGÆSLU

# Vinnulag í ung- og smábarnavernd þegar áhyggjur vakna af einhverfu í 18 mánaða skoðun—notkun M-CHAT-R/F og tilvísanir

Þróunarverkefni

**Þegar grunur vaknar um einhverfu þarf að skoða eftirfarandi:**

**Rauð flögg við 12 mánaða aldur**

- Ekkert babl til staðar
- Engar bendingar/annað látbragð til staðar
- Afturför í þroska
- Systkini/foreldri með einhverfurófsröskun

**Rauð flögg við 18 mánaða aldur**

- Ekkert orð til staðar
- Stöðnun eða afturför í þroska
- Systkini/foreldri með einhverfurófsröskun

**Þroskamat við 18 mánaða aldur**

- Barn bendir ekki til að sýna áhuga
- Notar ekki 6-10 orð

**Áhyggjur foreldra á PEDS**

- Skoðið m.t.t. annarra vísbendinga um vanda

**Athugið einnig hvort barnið ***

- Bregst við eigin nafni
- Reynir að ná augnsambandi við þig
- Horfir á hlut í fjarlægð sem þú bendir á
- Tekur þátt í ímyndunarleik ( s.s. drekka úr bolla, gefa dúkku að borða) og notar augnsamband við þig í leiknum

**Ef ofangreind atriði og klínískt mat gefa vísbendingar um einhverfu er eftirfarandi gert:**

1. Foreldrar upplýstir um áhyggjur sem koma fram í skoðun og að þörf sé á nánari athugun.
2. Beiðni um heyrnarmælingu og athugun hjá talmeinafræðingi.
3. M-CHAT-R lagt fyrir foreldra.**
4. Ef 3 eða fleiri atriði á listanum benda til einhverfu, er haft samráð við barnasálfræðing og lækni á heilsugæslustöð.
5. Sálfræðingur leggur fyrir M-CHAT-R/F eftirfylgdarviðtal á heilsugæslustöð eða í gegnum síma.
6. Ef 8 eða fleiri atriði á M-CHAT-R má sleppa eftirfylgdarviðtali og vísa beint í greiningu.

**Ef barn stenst ekki 2 atriði í eftirfylgdarviðtali:**

1. Tilvísun send til Ráðgjafar– og greiningarstöðvar (RGR). Mikilvægt að hafa greinargóða lýsingu á áhyggjum fagfólks og foreldra, helstu atriði í þroskasögu barns og lýsingu á einkennum barnsins og vanda. Niðurstöður úr heyrnarmælingu og athugun talmeinafræðings ef liggja fyrir.
2. Leikskóli/skólaþjónusta upplýst um áhyggjur. Mælt með forgangi um vistun og snemmtækri íhlutun ef við á. Upplýsingar um samskipti við leikskóla/skólaþjónustu komi fram á tilvísun til RGR.
3. Ráðgjöf og fræðsla til foreldra og áframhaldandi eftirfylgd í ung- og smábarnavernd.

**Ef sálfræðingur og hjúkrunarfræðingur eru í vafa um þörf á aðkomu RGR:**

Leikskóli/skólaþjónusta upplýst um áhyggjur og mælt með íhlutun og eftirfylgd þar → Endurmat eftir 2-3 mánuði → Eftirfylgd í ung- og smábarnavernd

*  Byggt á Joint Attention Observation Schedule (JA-OBS), https://doi.org/10.1016/j.ridd.2012.02.018

** M-CHAT-R/F spurningalistar, eftirfylgdarviðtal og leiðbeiningar: https://mchatscreen.com/mchat-rf/translations/

Október 2020. Fyrsta endurskoðun nóv. 2021

Önnur endurskoðun sept. 2022